



Atvinnuleysi aldrei verið meira – og á eftir að aukast

Samkvæmt nýjum tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í lok mars 9,2% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði. Í lok mars voru um 38.600 manns á atvinnuleysissskrá, að meðtöldum þeim sem fá atvinnuleysisbætur vegna skerts starfshlutfalls.

Hér er um nær einstakt stökk að ræða í atvinnuleysi milli mánaða, en atvinnuleysi í febrúar var 5%. Aukningin er þannig 4,2 prósentustig. Á milli desember 2008 og janúar 2009 jókst atvinnuleysi um 1,8 prósentustig, úr 4,8% í 6,6%. Almennt atvinnuleysi var 5,7% í mars og atvinnuleysi vegna skerts starfshlutfalls 3,5%, samtals 9,2%.

Um 33 þúsund manns höfðu í vikunni sótt um atvinnuleysisbætur vegna minnkaðs starfshlutfalls sem er mun meira en reiknað var með. Áhrifin af þeirri aðgerð koma þó ekki fram að fullu fyrr en í atvinnuleysistöllum fyrir apríl. Nýjum umsóknum um atvinnuleysisbætur vegna skerts starfshlutfalls hefur þó farið fækkandi eftir því sem liðið hefur meira á aprílmánuð sem eru jákvæðar fréttir.

Nýtt mat á atvinnuleysi flækir stöðuna


Þessi tvískipting atvinnuleysis í hefðbundið atvinnuleysi annars vegar og atvinnuleysi vegna skerts starfshlutfalls hins vegar gerir allan samanburð í tíma erfiðan. Erfitt er að segja til um hvort einhver hluti þeirra sem eru nú á atvinnuleysisbótum í skertu starfshlutfalli fer til sömu starfa aftur á næstu mánuðum eins og vonir standa til.

Að mati Vinnuálastofnunar er líklegt að atvinnuleysi verði um 17% á landinu öllu í apríl. Fram til þessa er mesta atvinnuleysið sem mælst hefur í einum mánuði 9,3% í febrúar og mars 2010.

Suðurnes og höfuðborgarsvæðið verst úti


Suðurnesin skera sig nokkuð frá heildinni, en atvinnuleysi þar var orðið um 9% áður en Covid-faraldurinn braust út og hefur aukist mikið síðan.

Skráð atvinnuleysi



Heimild: Vinnuálastofnun

Atvinnuleysi síðustu mánuði



Heimild Vinnuálastofnun. Apr.20 er spá Vinnuálastofnunar



Það var orðið 14% í mars og verður væntanlega um eða yfir 20% í apríl.

Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var 5% í febrúar og fór upp í 9,6% í mars.

Þá er einnig ljóst að atvinnuleysi mun bitna illa á minni stöðum á landinu sem eru hvað mest háðir ferðaþjónustu, t.d. Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Skútustaðahreppi. Á þessum stöðum er reiknað með allt að 40% atvinnuleysi.

Sé litið á hlutfallslega breytingu atvinnuleysis milli febrúar og mars kemur hins vegar í ljós að atvinnuleysið hefur aukist hlutfallslega minnst á Suðurnesjum og mest á Suðurlandi og Austurlandi. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að atvinnuleysið á Suðurnesjum var þegar orðið meira í febrúar en það varð í mars á Suðurlandi og Austurlandi.


Hópuppsagnir

Vinnumálastofnun bærust 29 tilkynningar um hópuppsagnir í mars þar sem 1.207 starfsmönnum var sagt upp störfum, þar af 547 í ferðaþjónustu. Langflestar uppsagnir voru á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Flestar þessara uppsagna koma til framkvæmda á tímabilinu frá maí til júlí. Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir einhverjum hópuppsögnum í lok aprílmánaðar. Hópuppsagnir í mars voru óvenju margar og snertu líka óvenju margra starfsmenn. Svipuð staða var uppi í desember síðastliðnum en síðan verður að leita aftur til mars 2019 til að finna einhverjar hópuppsagnir að ráði.

Langtímaspár óvissar


Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáði á dögunum að atvinnuleysi hér á landi yrði að meðaltali 8% á þessu ári, og 7% á því næsta. Til samanburðar var atvinnuleysið hér 3,6% á árinu 2019. Það er auðvitað erfitt að spá fyrir um atvinnuleysi það sem eftir lifir ársins 2020. Fyrir nokkrum vikum var frekar reiknað með því að þetta áfall gæti orðið skammvinnt, en hjartsýnin hefur farið dvínandi. Það skiptir auðvitað miklu máli hve langt er í að hjól atvinnulífsins fari að snúast aftur með eðlilegum hætti og fólk á atvinnuleysisbótum vegna skerts starfshlutfall komist aftur til starfa.

Atvinnuleysi í febrúar og mars 2019




Heimild: Vinnumálastofnun

Hlutfallsleg aukning atvinnuleysis milli febrúar og mars



Heimild: Vinnumálastofnun

Fjöldi fólks sem misst hefur starf í hópuppsögnum



Heimild: Vinnumálastofnun



Einstök staða sögulega séð

Aðstæður á vinnumarkaði hafa gjörbreyst á örskömmum tíma líkt og nær allar aðstæður í hagkerfinu.

Atvinnuleysi mun væntanlega aukast töluvert í apríl. Ætlunin var að nýjar reglur um atvinnuleysisbætur vegna skerts starfshlutfalls giltu út maí, en nú er verið að ræða mögulega framlengingu á þeim úrræðum og þá er einnig verið að meta hvernig þessi úrræði hafa komið út og hvort þörf sé á nýjum og annarskonar úrræðum.

Eins og gildir um stóra hluta hagkerfisins er vinnumarkaðurinn á óþekktum slóðum og því erfitt að spá um hvenær tekur að birta til aftur.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.